

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/324

2016/EES/52/12

frá 7. mars 2016

um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinnna matvælaaukefna sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Þessa skrá má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ⁽³⁾, 94/36/EB ⁽⁴⁾ og 95/2/EB ⁽⁵⁾ og eftir yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7., 8 og 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Skrá Evrópusambandsins inniheldur matvælaaukefni á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim aukefnum í.
- 4) Vegna erfiðleika sem upp hafa komið við flutning matvælaaukefna í nýja flokkunarkerfið, sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, voru matvæli fyrir ungbörn og smábörn ekki færð frá b-lið 3. mgr. 2. gr. í tilskipun 95/2/EB yfir í töflu 1 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr 1333/2008. Tryggja ætti að meginreglan um yfirfærslu gildi ekki um þessi matvæli. Því ætti að leiðrétta þá töflu þannig að hún nái yfir matvæli fyrir ungbörn

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 8.3.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

og smábörn sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB ⁽⁶⁾, eins og henni var skipt út með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ⁽⁷⁾.

- 5) Í ljósi 16. gr., um notkun matvælaaukefna í matvæli fyrir ungbörn og smábörn, í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er mikilvægt að gera skýra grein fyrir skilyrðum fyrir notkun á matvælaaukefnunum sem skráð eru í matvælaflokk 0. „Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ í E-hluta II. viðauka við þá reglugerð og breyta fyrirögn þess matvælaflökks.
- 6) Því ætti að gera skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni skýrari þannig að hún endurspegli alla notkun í samræmi við 6, 7., 8. og 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að gera notkun, sem þegar er í samræmi við tilskipanir 94/35/EB, 94/36/EB og 95/2/EB, skýrari telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því ætti að breyta og leiðrétta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarleggra nota (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 13. færsla bætist við í töflu 1 í A-hluta á eftir færslunni fyrir „12. Þurrkað pasta, að undanskildu glútenlausu pasta og/eða pasta sem ætlað er fyrir prótínsnautt sérfæði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB“:

„13	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ⁽¹⁾ , þ.m.t. matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn.“
-----	---

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EEB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

2. Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsgagnar matvælaflokks „0. Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ komi eftirfarandi:

„0	Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, nema sérstaklega sé kveðið á um það.“
----	--

- b) Í stað færslanna fyrir aukefnin í matvælaflokki „0. Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ komi eftirfarandi:

„E 290	Koltvísýringur	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	10 000	(1) (4) (57)	Einungis þurrkuð matvæli í duftformi (þ.e. matvæli, sem eru þurrkuð í framleiðsluferlinu, og blöndur þeirra), að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
E 459	Beta-sýklódestrín	eftir þörfum		Einungis matvæli í formi tafna og húðaðra tafna, að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	10 000	(1) (57)	Einungis þurrkuð matvæli í duftformi (þ.e. matvæli, sem eru þurrkuð í framleiðsluferlinu, og blöndur þeirra), að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	eftir þörfum	(1)	Einungis matvæli í formi tafna og húðaðra tafna, að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.

	E 938	Argon	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 939	Helíum	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 941	Köfnunarefni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 942	Níturoxíð	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 948	Súrefni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 949	Vetni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.“